

Ed.

633. Nefndarátt

um frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabrjefa.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjármálaráðherra lagði frumvarp þetta fram í neðri deild fyrir skömmu, og eru tildrögin þau, að veðdeildarflokkur sá, er nú starfar, mun þrjóta á sumri komanda. Ber því mikla nauðsyn til að gefa út nýja flokka bankavaxtabrjefa, svo að eigi stöðvist lánveitingar úr veðdeild Landsbankans. Leggur nefndin áherslu á þetta, og eins á hitt, að sjeð verði fyrir fje til kaupa á veðdeildarbrjefum, svo gangverð þeirra verði eigi lægra en nú er. Það er tillaga nefndarinnar, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. mars 1928.

Ingvar Pálmason, Jón Þorláksson. Björn Kristjánsson.
form.
Jón Baldvinsson, Einar Árnason.
fundaskrif. og framsm.